




Landspítali fyrir framtíðina





## Lóð og byggingar:

Með uppbyggingu við Hringbraut er ætlunin að sameina í 1. áfanga alla bráðastarfsemi sem rekin er þar og í Fossvogi. Byggingarnar eiga að rísa að mestu á suðurhluta lóðarinnar.

Umfangsmikil hönnunarvinna hefur staðið yfir undanfarin misseri í samstarfi við tugi notendahópa starfsfólks Landspítala, Háskóla Íslands og fleiri, á grunni verðlaunatillögu í skipulags- og forhönnunarsamkeppni sem fram fór árið 2010.

Byggingarnar eru:

- » Meðferðar- og bráðakjarni, sunnan barnaspítala og kvennadeilda, sem hýsir bráðadeild, meðferðar- og legudeildir.
- » Rannsóknarhús, sunnan við nýja meðferðar- og bráðakjarnann og vestan við Læknagarð, sem hýsir þjónusturannsóknir spítalans. Gert er ráð fyrir þryllupalli á þaki rannsóknarhússins sem tengist bráðamóttöku meðferðarkjarnans með brú.
- » Nýbygging Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands sunnan nýs meðferðarkjarna sem tengist Læknagarði sem þar er fyrir.
- » Sjúkrahótel sunnan við Barónsstíg, norðan við núverandi kvennadeildir og barnaspítala.

# Stækkun Landspítala við Hringbraut



Íslendingar geta státað sig af góðri heilbrigðisþjónustu sem landsmenn treysta á. Þjónustan byggir á mörgum þáttum, allt frá góðri almennri heilsugæslu til afar sérhæfðrar spítalastarfsemi sem tryggir landsmönnum bestu mögulegu meðferð sem hægt er að veita hverju sinni.

Brýnna úrbóta er þó þörf á stærsta spítala landsins, Landspítala, ætli þjóðin áfram að geta veitt í eigin ranni fyrsta flokks spítalþjónustu.

Um nokkurt skeið hefur staðið yfir undirbúningur að stækkun spítalans þannig að hann geti betur sinnt hlutverki sínu sem þjóðarsjúkrahús. Spítalinn er dreifður á 17 staði á höfuðborgarsvæðinu en eftir fyrirhugaða stækkun yrði bráðastarfsemin loks sameinuð á einum stað við Hringbraut. Sá staður var valinn að vandlega athuguðu máli af ráðherraskipaðri nefnd í samvinnu við Reykjavíkurborg og innlenda og erlenda sérfræðinga. Í framhaldinu var gerður samningur við Reykjavíkurborg um 22 hektara lóð fyrir byggingar Landspítala, Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands og fyrir framtíðarþróun þessara stofnana. Í ljós hefur komið að fyrirhugaðar nýbyggingar eru mun betri kostur en að ráðast í dýrar endurbætur á áratugagömlu húsnæði sem skilað hefur sínu hlutverki vel en stenst ekki nútímakröfur.

Fjárfesting í nýbyggingu Landspítala á næstu árum mun skila sér í betri, öruggari og hagkvæmari heilbrigðisþjónustu til framtíðar. Við höfum ekki efni á að gera ekkert!

Björn Zoëga, forstjóri Landspítala.



**Torg:** Gamla Landspítalabyggingin sem reist var af myndarskap á fyrri hluta síðustu aldar verður í öndvegi innan um nýbyggingar sem svara kröfum nútímans.



*Gamalt húsnæði Landspítala fullnægir ekki lengur kröfum um nútímalegan sjúkrahúsrekstur. Rekstur spítala í gömlum, tvístruðum húsum er til muna dýrari en í nýju og vel hönnuðu húsnæði. Nýbyggingar fyrir háskólaspítala Íslendinga eru skilyrði þess að spítalinn haldi þeim gæðastaðli sem náðst hefur í menntun starfsfólks og meðferð sjúklinga.*



Hulda Gunnlaugsdóttir, forstjóri háskólasjúkrahússins Ahus í Osló og fyrrverandi forstjóri Landspítala.



# Sameining starfseininga – stórbætt þjónusta og aukið öryggi

## Meðferðar- og bráðakjarni

6. hæð: Legudeildir

5. hæð: Legudeildir


4. hæð: Tæknirými, skrifstofur

3. hæð: Gjörgæsla, skurð- og þræðingastofur, undirbúningur og vöknun

2. hæð: Smitsjúkdómadeild, myndgreining, endurhæfing, mötuneyti, anddyri

1. hæð: Bráðamóttaka, apótek, myndgreining

Kjallari: Dauðhreinsun, búningsherbergi, stoðrymi



Einn mesti ávinningurinn af nýjum Landspítala verður sameining ýmissa starfseininga á einum stað.

- » Í meðferðar- og bráðakjarna sameinast öll þyngsta og tæknivæddasta starfsemi sjúkrahússins.
- » Ein bráðamóttaka verður þar í stað fimm nú.
- » Skurðstofur, myndgreining og gjörgæsludeild sameinast á einum stað. Þannig má samnýta betur tæki og krafta starfsfólks.
- » Í meðferðarkjarnanum verða teknar í notkun ýmsar nýjungar í lækningum, m.a. svokallaður jáeindaskanni (PET Scan) sem stóreykur möguleika til greiningar á einkennum og meðferð ýmissa sjúkdóma, einkum krabbameina.
- » Rannsóknarstofur, sem nú eru dreifðar í mörgum húsum, flestum mjög lélegum, sameinast á einum stað. Það flýtir rannsóknarferlinu og getur haft mikla þýðingu fyrir meðferð sjúklinga.
- » Blóðbankinn mun tengjast aðalstarfsemi spítalans. Viðbrögð þegar blóð vantar verða snarpari, minna fyrnist af blóði.

Með sameiningunni sparast umtalsverðir fjármunir, t.d. með fækkun sólarhringsvakta.



**Aðgerð:** Dag hvern gangast á sjötta tug sjúklinga undir skurðaðgerð á Landspítala en aðstaðan batnar til muna með stækkun spítalans.

## Ný tækni sparar spor


Nútíma tækni verður nýtt á nýjum Landspítala eins og hagkvæmt er til að draga sem mest úr flutningum sjúklinga og ferðum starfsfólks. Þar má t.d. nefna rörpóst. Með honum er hægt að senda mikilvæg gögn, s.s. lífsýni, blóð og lyf. Sendingarnar skila sér á áfangastað á innan við mínútu.

- » Sorp og lín verður sent um sjálfvirkt flutningskerfi til miðlægrar flokkunarstöðvar (sjá rauðar línur á korti til hægri og á bls. 2). Þetta er mikilvægt hreinlætismál, umhverfisvænt fyrirkomulag og sparar mannafla.
- » Sjálfvirkt flutningskerfi fyrir matarflutninga verður í nýja spítalanum (sjá gular línur á korti til hægri og á bls. 2).

Með þessu næst fram stórauðinn hraði, öryggi og hagkvæmni í rekstri spítalans.



**Hraði:** Með nútíma rörpósti og sjálfvirku flutningskerfi taka sendingar á mikilvægum gögnum, svo sem lífsýnum og blóði, innan við mínútu. Það er mikið öryggisatriði og bylting frá núverandi fyrirkomulagi þar sem stundum þarf að sendast með sýni bæjarhluta á milli.




## Einbýli fyrir alla sjúklinga – öryggi og friðhelgi í fyrirrúmi

Á nýjum Landspítala er gert ráð fyrir sérbýli með salerni fyrir alla sjúklinga. Þess eru dæmi að sjúklingar deili 2-3 salernum á einni legudeild. Einbýli hafa fjölbættan ávinning í för með sér.


- » Sýkingartíðni minnkar um tugi prósentu - samkvæmt rannsóknum.
- » Minni flutningur á sjúklingum.
- » Sjúklingar hvílast betur.
- » Friðhelgi einkalífs er virt.
- » Aukið næði til að ræða meðferð og líðan.
- » Betri aðstaða fyrir fjölskyldur sjúklinga.

Þessum umbótum fylgir styttri legutími, bætt líðan og lægri kostnaður heilbrigðiskerfisins.



**Næði:** Með stækkun Landspítala er gert ráð fyrir sérbýlum fyrir alla sjúklinga og horfið verður frá fjölmönnum stofum.

# Eldri þjóð þarf aukna þjónustu



Við uppbyggingu nýs Landspítala er ekki síst höfð í huga sú staðreynd að þjóðin eldist hratt.

- » Sextugir og eldri þurfa langmest á þjónustu sjúkrahúsa að halda.
- » Stórir árgangar eftirstríðsáranna eru að hluta komnir á sjötugsaldur.
- » Árið 2025 hefur hlutdeild sjötugra og eldri aukist um 40% og árið 2030 um 60%.

Eldri borgarar, nú og í framtíðinni, gera kröfu um að allri þeirri kunnáttu og tækni sem þekkt er sé beitt til lækninga. Lögín um réttindi sjúklinga gera miklar kröfur til heilbrigðisþjónustunnar sem ekki verður fullnægt án nýbyggingar.

## Sjúkrahótel á spítalalóðinni – frá meðferð til sjálfshjálpar



**Þjónusta:** Með hærri aldri vex þörfin fyrir þjónustu spítalans.

Bygging sjúkrahótels á lóð spítalans bætir aðstöðu margra sjúklinga. Þar verður hlýleg og heimilisleg aðstaða og innangengt í þjónustu sjúkrahússins. Nefna má ýmsa hópa sem munu njóta góðs af því að hafa sjúkrahótel við sjúkrahúsið.

- » Fólki af landsbyggðinni.
- » Fólki sem þarf að koma daglega á spítalann til rannsóknar eða meðferðar.
- » Aðstandendur veikra barna sem vilja vera eins nálægt börnum sínum og hægt er en hafa líka afdrep til hvíldar.

Sjúkrahótel hafa risið við spítala víða í nágrennalöndunum. Tilkoma slíkra hótela hefur bætt þjónustu við sjúklinga og fækkað legudögum.



# Efling vísinda – samstarf Landspítala og Háskóla Íslands

Með uppbyggingu Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands við Hringbraut er lagður grunnur að enn nánara samstarfi Landspítala og háskólans á sviði heilbrigðisvísinda. Nálægð spítalans við Háskóla Íslands var ein af forsendum þess að staðsetningin við Hringbraut var valin fyrir uppbyggingu nýs Landspítala. Með tengingu húsa er hægt að samnýta enn frekar tæki og tækni og þar verður jafnframt til sameinaður vettvangur fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem stundar vísindarannsóknir og þekkingarsköpun en í slíku umhverfi spretta oft nýjar hugmyndir og fagleg tengsl aukast.

Nýbygging Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands rís við Læknagarð og byggingarnar tengjast rannsóknarhúsi spítalans og nýja meðferðarkjarnanum.

- » Aðstaða til kennslu og rannsókna stórbatnar. Spítalastarfsemi, þekkingarsköpun, kennsla og nám sameinast á einum stað.
- » Nálægð við spítalann er þýðingarmikil fyrir stúdenta sem stunda nám sitt að verulegu leyti á spítalanum.
- » Hátt í tvö hundruð sameiginlegir starfsmenn Landspítala og Háskóla Íslands njóta góðs af tengingu milli spítalans og háskólans.
- » Æ fleiri háskólagreinar tengjast heilbrigðisvísindum s.s. verkfræði og raunvísindi og ýmsar greinar félagsvísinda sem ýtir enn frekar undir mikilvægi nálægðar milli spítala og háskóla.
- » Sameiginlegar kennslustofur, lesrými og opin rými í nýbyggingu Heilbrigðisvísindasviðs, ætluð öllum deildum, treysta félagsleg tengsl og nemendur ólíkra heilbrigðisgreina læra nána samvinnu strax í námi.

Með uppbyggingu Heilbrigðisvísindasviðs á spítalalóðinni við Hringbraut mun starfsemi sviðsins loks sameinast undir einu þaki en hún er nú dreifð um fimm svæði á háskólalóðinni. Sameiningin skilar sér í faglegum og fjárhagslegum ávinningi.




**Samstarf:** Betri aðstaða hefur mikla þýðingu fyrir nám, kennslu og rannsóknir innan heilbrigðisvísinda sem með uppbyggingunni við Hringbraut sameinast á einum stað.



## Verkefnið í hnotskurn:

- » Þriðji hver Íslendingur fær þjónustu árlega á Landspítala.
- » Rúmlega 2.000 manns stunda að jafnaði nám á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands.
- » Viðhald eldra húsnæðis er mjög kostnaðarsamt. Sameining starfseininga Landspítala sparar 2,5-3 milljarða króna á ári. Það jafngildir 7 milljónum króna á degi hverjum.
- » Fyrirhugað að reisa 75.000 m<sup>2</sup> af nýbyggingum fyrir Landspítala í 1. áfanga og um 10.000 m<sup>2</sup> fyrir Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Húsnæði Landspítala er nú um 150.000 m<sup>2</sup> en með tilkomu nýbygginganna verða um 45.000 m<sup>2</sup> eldra húsnæðis teknir úr notkun.
- » Áætlaður byggingarkostnaður við 1. áfanga nýs Landspítala er um 45 milljarðar króna á verðlagi í janúar 2012 og byggingarkostnaður 1. áfanga Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands er áætlaður um 3,5 milljarðar króna.



[www.nyrlandspitali.is](http://www.nyrlandspitali.is)

2012-02 // Útgefandi: NLSH // Umsjón og hönnun: Athygli // Ljósmyndir: Inger Helene Bóasson o.fl. // Tölvuteikningar: SPITAL // Prentun: Prentmet



HÁSKÓLI ÍSLANDS



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ